



AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS 2020-2036

Breyting aðalskipulags - Þorlákshafnarlína 2 jarðstrengur


10.09.2025

Breytt 03.03.2026




Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29.1.2026


SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS
10. JÚLÍ 2026

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 16.07.2026


Húsnæði Mannvirki- og Skipulagsstofnun

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 22.05.2025 með athugasemdafresti til: 03.07.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 03.12.2025 með athugasemdafresti til: 15.01.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

HÚIS	Húsnæði Mannvirki Skipulag										
Mótt.: 14. JÚLÍ 2026											
Málnr.											
<table border="1"><tr><td> </td><td> </td><td> </td><td> </td><td> </td><td> </td><td> </td><td> </td><td> </td><td> </td></tr></table>											

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

112397-GRG-001-V02

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

BRE/AJ


EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Staðhættir	5
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.2	Aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036	6
3.3	Deiliskipulag	6
3.4	Vatnaáætlun Íslands	7
3.5	Orkustefna til ársins 2050	7
3.6	Kerfis- og framkvæmdaráætlun Landsnets	8
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	8
4.1	Breytingar á skipulagsupphráttum	8
4.2	Breytingar á greinargerð	8
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9
5.1	Umhverfispættir og áherslur	9
5.2	Valkostir og umhverfisáhrif	10
5.2.1	Niðurstaða	11
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
6.1	Breytingar skipulagsferli	12

1 INNGANGUR

Sett er fram breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 vegna lagningar á Þorlákshafnarlínu 2, sem er nýr 132 kV jarðstrengur milli tengivirkis sunnan Hveragerðis og tengivirkis í Þorlákshöfn. Jarðstrengurinn mun fylgja sem mest vegum og slóðum. Línan er að stærstum hluta innan sveitarfélagsmarka Ölfuss en gerð verður grein fyrir hluta leiðarinnar í aðalskipulagi Hveragerðis. Unnið er að samningum við landeigendur, þar sem fyrirhuguð strengleið er áætluð og eftir atvikum verður gildandi deiliskipulögum breytt.

Framkvæmd við lagningu Þorlákshafnarlínu 2 er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. tölulið 10.16 í 1. Viðauka laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlaða nr. 111/2021, þar sem um er að ræða jarðstreng sem er lengri en 10 km. Matsfyrirspurn hefur verið unnin og liggur álit Skipulagsstofnunar fyrir (dags. 24.02.2025) og er metið að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Mynd 1. Fyrirhuguð strengleið Þorlákshafnarlínu 2. Mynd frá Landsneti.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með aðalskipulagsupprætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Mikil uppbygging er fyrirhuguð í Þorlákshöfn, bæði á hafnarsvæðinu og í landeldi og annarri starfsemi á iðnaðarsvæði meðfram Suðurstrandarvegi vestur af Þorlákshöfn. Í núverandi dreifikerfi raforku er Þorlákshöfn tengd með tveimur 66 kV tengingum, Selfosslínu 3 og Þorlákshafnarlínu 1. Selfosslína 3 liggur milli Selfoss og Þorlákshafnar og er tiltölulega nýlegur jarðstrengur, lagður árið 2016. Þorlákshafnarlína 1 er loftlína frá 1991. Forgangsalag sem er hægt að anna í Þorlákshöfn takmarkast af Selfosslínu 1 og 2 því þær fæða Selfosslínu 3. Því er fyrirhugað að spennuhækka Selfosslínu 1 á næstu árum svo hægt sé að bæta afhendingargetuna á Selfossi og þar með í Þorlákshöfn. Selfosslína 3 verður þó áfram takmarkandi og mun ekki anna fyrirséðri álagsaukningu í Þorlákshöfn með tilkomu landeldis og uppbyggingu á hafnarsvæðinu. Því er ljóst að styrkja þarf núverandi dreifikerfi til Þorlákshafnar til þess að geta annað þeirri uppbyggingu.

Lagður verður nýr 132 kV jarðstrengur, Þorlákshafnarlína 2. Jarðstrengur Þorlákshafnarlínu 2 mun liggja frá tengivirki við Hveragerði að nýju tengivirki sem byggt verður við núverandi tengivirki Landsnets norðvestan Þorlákshafnar.

2.1 Staðhættir

Gróður

Skipulagssvæðið liggur meðfram Þorlákshafnarvegi og því er talsverður fjöldi af vistgerðum sem finnast innan þess. Af þeim vistgerðum sem finna má innan framkvæmdarsvæðis er lynghraunavist algengust, eða um 20,3% af heildarraski svæðis. Verndargildi lynghraunavistar er miðlungs. Mosahraunavist þekur um 15,4% og verndargildi hennar er miðlungs. Tún og akurlendi og alaskalúpína þekja um 31,5% af svæðinu samanlagt. Snarrótarvist og lyngmóavist á láglandi þekja um 5,4% svæðis og er verndargildi þeirra hátt. Víðikjarrvist, sem er með mjög hátt verndargildi, þekur um 1,9% af svæðinu. Votlendisvistgerðir þekja um 1,3% af svæðinu, sem þýðir að um 2.760 m² af votlendi raskast vegna strenglagnar. Engin votlendissvæðanna sem strengurinn þverar eru stærri en 20.000 m² og njóta því ekki verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Fuglar

Fyrirhugaður jarðstrengur liggur innan svæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendi og skilgreint er sem [mikilvægt fuglasvæði](#) af Náttúrufræðistofnun Íslands. Svæðið er alls um 340.000 ha og nær frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði. Á svæðinu er mikið fuglalíf, m.a. afar þétt varp ýmissa vaðfugla. Farfuglar dvelja þar hópum saman vor og haust en einnig er töluvert fuglalíf á vetrum við auðar ár og vötn, og á kornökrum. Þar á meðal, spói, jaðrakan, stelkur og tjaldur. Svæðið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álft og skúm og á fartíma fyrir álft, heiðagæs, blesgæs og grágæs.

Jarðmyndanir

Samkvæmt [jarðfræðikorti ÍSOR3](#) og Náttúrufræðistofnunar Íslands einkennist fyrirhuguð strengleidd af forsögulegu basísku og ísúru hrauni (mynduð á nútíma, eldra en 871 e.kr.), auk setlaga frá nútíma. Hraunin á svæðinu eiga upptök sín úr Brennisteinsfjöllum og Hengli og eru um 1900-11.000 ára gömul.

Eldhraun á nútíma njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúrvernd. Jarðstrengurinn mun ekki fara um friðlýst svæði en hann mun liggja um svæði sem heyra undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, auk svæða á C-hluta náttúruminjaskrár.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almenntri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.2 Aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036

Eftirfarandi stefna er m.a. sett fram um rafveitu:

- Háspennulínur og aðrar lagnir verði settar í jörðu þar sem aðstæður og möguleg tækni leyfir, s.s. þegar farið er um svæði sem eru ákjósanleg til útivistar og ferðamennsku eða vegna sérstæðs náttúrfars og lífríkis.
- Ekki er heimilt að vera með mannvirki eða skógrækt innan helgunarsvæða háspennulína.

3.3 Deiliskipulag

Unnið er að gerð [deiliskipulags](#) fyrir nýjan Þorlákshafnarveg út frá tillögum Vegagerðarinnar um endurbætur á veginum, til þess að hann uppfylli þau skilyrði sem gerð eru um fjarlægð milli vegtenginga. Fyrirhugað er að í því skipulagi verði gerð grein fyrir þeim hluta Þorlákshafnarlínu 2 sem er innan deiliskipulags Þorlákshafnarveggar.

Gerð verður breyting, þar sem jarðstrengur mun liggja í gegn um gildandi deiliskipulag.

3.4 Vatnaáætlun Íslands

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011, Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Þau grunnvatnshlot sem eru innan skipulagssvæðisins eru:

- Ölfusstraumur Ingólfsfjall (103-260-G)
- Ölfusstraumur Forir (103-202-G)
- Ölfusstraumur 1 (103-195-G)
- Ölfusstraumur Ölfusá (103-208-G)
- Ölfusstraumur 3 (103-268-G)
- Selvogsstraumur 3 (104-209-G)

Þau straumvatnshlot sem eru innan skipulagssvæðisins eru:

- Varmá (103-792-R)
- Sandá (103-791-R)
- Þurá (103-966-R)

Í matsfyrirspurn var gerð grein fyrir áhrifum á vatnshlot. Ástand grunnvatnshlotanna er ekki þekkt, en um er að ræða vatnsmikla grunnvatnsstrauma, sem liggja um svæði sem eru í nálægð við þéttbýli, landbúnaðarsvæði, vegi og ýmislegt manngert umhverfi og undir einhverju álagi þess vegna, þrátt fyrir að hafa ekki verið skráð. Það sama á við um ástand straumvatnshlotanna, þ.e. þau eru lítt þekkt nema efnafræðilegt ástand Varmár er metið gott, en í straumvatnshlotunum er tilgreint staðbundið álag vegna fráveitu, aðallega frá landeldi.

Með tilliti til staðsetningar, tilhögunar og umfangs Þorlákshafnarlínu 2 er talið að áhrif hennar séu ekki til þess fallin að þau leiði til samverkandi áhrifa. Líkt og fram hefur komið mun strengurinn liggja innan mannvirkjabeltis þar sem hann fylgir vegum, öðrum veituvinnviðum og ræktarlandi. Fyrirhuguð framkvæmd kemur eflaust til með að hafa óveruleg áhrif á viðkomandi vatnshlot en breytir ástandi vatnshlota ekki þannig að þau hnigni eða að umhverfismarkmið þeirra náist ekki.

3.5 Orkustefna til ársins 2050

Orkustefna til ársins 2050 er langtímaorkustefna stjórnvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar; orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.

Um orkuöryggi segir m.a. að „Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öruggt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að

vernda innviði orkuiðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum“.

Varðandi flutningskerfi þá eru til staðar ákveðnir flöskuhálsar sem takmarka afhendingaröryggi. Orkustefna miðar að því að „styrkja þarf flutnings- og dreifikerfi til að mæta aukinni þörf í samfélaginu, með lágmarks umhverfisáhrifum, í samráði við hagsmunaaðila og aðra sem uppbyggingin snertir. Innviðir þurfa að vera tryggir og áfallapolnir. Áfallapol má bæta m.a. með nægilegri flutningsgetu, varafli og/eða hringtengingum, jarðstrengjum og miðast við aðstæður og aðrar tæknilegar skorður“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágmarkuð eins og kostur er. Þorlákshafnarlína 2 er mikilvægur þáttur í uppbyggingu raforkukerfis á Suðurlandi og samræmist þeim áherslum sem settar eru fram í Orkustefnu Íslands til ársins 2025.

3.6 Kerfis- og framkvæmdaráætlun Landsnets

Hlutverk Landsnets er að byggja upp, stýra og reka flutningskerfi raforku til að flytja raforku frá virkjunum til dreifiveita og stórnotenda á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003. Til kerfisins teljast flestar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri.

Landsnet leggur fram kerfisáætlun til Orkustofnunar á tveggja ára fresti. Kerfisáætlun greinir annars vegar frá þeim þáttum í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra innan 10 ára og hins vegar framkvæmdaáætlun til þriggja ára.

Fyrirhuguð framkvæmd Þorlákshafnarlínu 2 er skilgreind í [Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032](#) og í framkvæmdaáætlun 2024-2026. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2026 og að þeim ljúki árið 2028.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

4.1 Breytingar á skipulagsupphráttum

Gerð er breyting á sveitarfélagsupphrátti og þéttbýlisupphrátti fyrir Þorlákshöfn. Þorlákshafnarlínu 2 er bætt inn á skipulagsupphrátti.

4.2 Breytingar á greinargerð

Umfjöllun um Þorlákshafnarlínu 2 er bætt í kafla 6.4 í greinargerð.

HEITI	LÝSING
Þorlákshafnarlína 2 jarðstrengur	132 kV jarðstrengur milli tengivirkis sunnan Hveragerðis og tengivirkis í Þorlákshöfn. Þar sem strengurinn mun þvera straumvatn skal hafa samráð um framkvæmdina við Fiskistofu. Vanda skal alla vinnu og frágang við strenglögn og forðast rask á landi, einkum þar sem strengur liggur um land þar sem finnast vistgerðir með hátt verndargildi. Leitast skal við að framkvæmdir fari fram utan varptíma fugla, einkum þar sem strengurinn liggur fjarri vegum. Taka þarf tillit til helgunarsvæðis strengsins eftir að framkvæmdum líkur.

5 UMhverfismatsskýrsla

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati þeirra framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu hér fyrir neðan og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið.

TAFLA 1. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMhverfispáttur	VIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Landnýting og ásjúnd <i>Nýting lands</i> <i>Ásjúnd og sjónræn áhrif</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> - Skipulag landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. - Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. <i>Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036.</i> - Að landnotkun stuðli að verndun og verðveislu sérstærða náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.	Hefur stefna skipulagsins áhrif á nýtingu lands? Hefur stefna skipulagsins áhrif á ásjúnd svæðisins?
Samfélag <i>Atvinnulíf</i> <i>Hagræn áhrif</i> <i>Þróun byggðar</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi. - Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja öryggi. <i>Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036.</i> - Að stuðla að hagkvæmari þróun byggðar á svæðinu og auknum og fjölbrettum atvinnutækifærum.	Hefur stefnan áhrif á þróun byggðar og atvinnulífs?
Heilbrigði og öryggi <i>Öryggi manna</i> <i>Vatnsvernd</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum	Hefur stefnan áhrif á öryggi? Hefur stefnan áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda?

UMHVERFISÞÁTTUR	VIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Löftgæði og losun gróður- húsalofttegunda	varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036. - Ekki er heimilt að spilla náttúrunni með mengun af einu tagi. Vatnaáætlun 2022-2027 - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma-vernd vatnsauðlindarinnar. - Öll vatnshlot eigi að ná umhverfismarkmiðum sínum.	Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?
Verndarsvæði Vistgerðir og fuglalíf Náttúruvinnur Fornminjar	Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Við skipulagsgerð verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið og víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036. - Leitast verður við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands, Lög um menningarminjar nr. 80/2012.	Hefur stefnan áhrif á minjar- og verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á vistkerfi og búsvæði fugla?

5.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Í [fyrirspurn um matsskyldu](#) var fjallað um fjóra mismunandi valkosti sem skoðaðir voru fyrir legu Þorlákshafnarlínu 2.

Valkostur	Lengd, km	Rask, m ²	Lýsing
D	20,9	20.900	Liggur meðfram vegum að stærstum hluta. Þverar tún og skurði. Frá Hveragerði að Þorlákshafnarvegi er farið um iðnaðar- og athafnasvæði skv. Aðalskipulagi Hveragerðis 2017-2029.
A	19,0	19.000	Liggur innan skilgreinds flóðasvæðis við Ölfusá og fer um margar jarðir. Þverar tún og skurði. Fer um flóðasvæði skv. Aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036. Liggur um Varmá og Ölfusárfora, sem eru á C-hluta náttúruvinnjaskrár. Sameinast leið D við Eyrarbakkaveg.
B	20,6	20.600	Liggur meðfram vegum að stærstum hluta. Frá Hveragerði er leið A fylgt á 1,5 km kafla áður en tún og skurðir eru þveraðir til að sameinast leið D.
C	22,6	22.600	Liggur meðfram vegum að stærstum hluta. Frá Hveragerði er leið A fylgt á 1,5 km kafla áður en tún og skurðir eru þveraðir til að sameinast leið D. Frá gatnamótum Þorlákshafnarvegjar og Þrengslavegar er farið meðfram Suðurstrandavegi (380) og ljósleiðara.
E	20,6	20.600	Liggur meðfram vegum að stærstum hluta. Frá Hveragerði er leið A fylgt á 3 km kafla áður en tún og skurðir eru þveraðir til að sameinast leið D. Fer lengri leið yfir votlendi, tún og skurði.

MYND 2. Lýsing á valkostum sem skoðaðir voru fyrir Þorlákshafnarlínu 2. Mynd úr fyrirspurn um matsskyldu.

Valkostur D er sá sem varð fyrir valinu. Liggur jarðstrengurinn þá á mörkum veghelgunarsvæðis. Með því ætti strengurinn að hafa sem minnst áhrif á aðra landnotkun og er þess vænst að sem best sátt

verði um legu hans. Einnig er talið að þessi valkostur valdi minni umhverfisáhrifum en aðrir valkostir þar sem hann fer um svæði sem einkennist af mannvirkjagerð.

Þar sem í fyrirspurn um matsskyldu er búið að gera grein fyrir öðrum valkostum þá er hér aðeins gerð grein fyrir líklegum áhrifum af Þorlákshafnarlínu 2, skv. valkosti D, og hann borinn saman við stefnu í gildandi aðalskipulagi.

Áhrif af valkosti D

Áhrif á landnýtingu og ásýnd eru óveruleg. Áhrif verða einkum vegna rasks á landi á framkvæmdatíma, en að þeim loknum grær land upp eins og það var áður. Taka þarf tillit til helgunarsvæðis strengsins eftir að framkvæmdum lýkur en strengleið er að miklu leyti með vegum.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Nýr strengur bætir afhendingaröryggi raforku í Þorlákshöfn og styður þannig við atvinnuuppbyggingu.

Áhrif á heilbrigði og öryggi eru óveruleg. Ekki er gert ráð fyrir að strengurinn og lagning hans hafi áhrif á öryggi fólks, vatnsvernd eða gróðurhúsalofttegundir.

Áhrif á verndarsvæði eru óveruleg. Strengleið hefur verið valin m.t.t. þess að hún hafi sem minnst áhrif á verndarsvæði og liggur strengurinn að miklu leyti meðfram vegum.

Áhrif af stefnu gildandi skipulags

Áhrif á landnýtingu og ásýnd eru óveruleg. Engar framkvæmdir og því ekkert rask.

Áhrif á samfélag eru óveruleg/neikvæð. Núverandi línur anna ekki að fullu þeim raforkuflutningi sem þörf er á til að efla atvinnulíf og byggð í Þorlákshöfn.

Áhrif á heilbrigði og öryggi eru óveruleg.

Áhrif á verndarsvæði eru óveruleg.

5.2.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið telur að þörf sé á að bæta raforkuflutning til Þorlákshafnar og að lagning Þorlákshafnarlínu 2 sé góður kostur til þess. Áhrif af framkvæmdinni eru á heildina litið talin jákvæð fyrir samfélagið.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í júní. Með kynningu skipulagslýsingar var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótn aðalskipulagsbreytingarinnar. Alls bárust 5 umsagnir og eftir atvikum hefur verið tekið tillit til þeirra.

Tillaga aðalskipulagsbreytingar verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Helstu umsagnaraðilar eru eftirtaldir:

- Umhverfis- og Orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands

Líklegt er að aðalskipulagsbreytingin verði kynnt í haust, auglýst seinnipart árs og staðfest í byrjun árs 2026.

6.1 Breytingar

Eftir umsögn Skipulagsstofnunar, vegna heimildar til auglýsingar, er bætt við skilmálum fyrir jarðstrenginn í kafla 4.2.

Eftir umsögn Skipulagsstofnunar, fyrir staðfestingu, er bætt við skilmálum um að taka þurfi tillit til helgunarsvæðis strengsins eftir að framkvæmdum líkur.